

Fer 103

Saga og menning

Málabraut 3. A

Vorönn 2012

Áfangalýsing

Í áfanganum verður sjónum beint að Íslandi með höfuðáherslu á heimahagana. Í þeirri umfjöllun verða tvinnuðir saman þrír meginþættir.

Í fyrsta lagi er umfjöllun um sögu og menningu svæðisins, einkum með ferðamennsku ungs fólks að leiðarljósi. Jafnframt verður hugað að því hvað gert hefur verið í okkar næsta nágrenni til að laða að ferðamenn, jafnt innlenda sem erlenda. Einnig verður lítillega komið að landafræði og náttúru svæðisins.

Í öðru lagi verður farið í undirstöðubætti þeirrar tækni sem notuð er við kynningar á ferðum og ferðamöguleikum, svo sem töku og úrvinnslu ljósmynda og framsetningu efnis á prentuðu máli.

Í þriðja lagi verður unnið skriflega og munnlega með málfar og málnotkun þriggja tungumála þ.e. íslensku, ensku og dönsku, einkum hvað varðar nauðsynlegan orðaforða þegar kemur að vandaðri móttöku gesta, erlendra sem innlendra.

Nemendur taka til skoðunar kynningarefni um svæðið fyrir ferðamenn og fara yfir myndefni og málfar með gagnrýnum hætti. Reynt verður að spanna sem flest svið kynningarefnis og auglýsinga með höfuðáherslu á prentað efni.

Kennsla fer fram með óhefðbundnum hætti. Stundaskrá verður brotin upp og unnið vikulega í einni samfelldri lotu að áfanganum (gert er ráð fyrir kennslustundum og heimavinnutíma í þessari vinnulotu). Töluvert er um hópa-eða paravinnu þar sem nemendur skipta með sér verkum og geta verið að vinna að ólíkum hlutum á sama tíma. Einnig eru nokkur einstaklingsverkefni og vettvangsferðir innan bæjar sem utan á dagskrá.

Nokkrir kennarar úr mismunandi fögum koma að áfanganum og vinna saman að honum, auk þess sem fengnir verða gestafyrirlesarar sem fjalla um sérhæfð efni.

Námsmat byggist að hluta á vinnu nemenda, jafningjamati og sjálfsmati, svo og að hluta á ýmsu kynningarefni fyrir ferðamenn sem unnið verður á önninni. Þetta kynningarefni skal vera hæft til dreifingar í erlenda skóla.

Meginmarkmið

Saga og menning

- Nemendur viti hvaða þættir í sögu og menningu þjóðarinnar laða helst að sér ferðamenn, innlenda sem erlenda.
- Nemendur átti sig á helstu sérkennum íslenskrar sögu og menningar og mismuninum á sögu og menningu okkar og nágrannaþjóðanna.
- Nemendur viti hvaða staðir á Norðurlandi draga að sér flesta ferðamenn vegna þekkrar sögu þeirra og menningarlegrar arfleifðar og sérstöðu.
- Nemendur þekki helstu menningarviðburði á Norðurlandi.
- Nemendur kynni sér sögulega arfleifð Akureyrar, sérstaklega Innbæinn og menningartengsl okkar við Danmörku.
- Nemendur velti fyrir sér menningu ungs fólks og hvað hægt væri að gera til að laða ungt fólk til bæjarins.

Landafræði og náttúra

- Nemendur viti hvaða þættir í náttúru landsins draga að sér ferðamenn, innlenda sem erlenda.
- Nemendur viti hvaða staðir á Íslandi draga að sér flesta ferðamenn vegna sérstæðrar náttúru og hvað mótar sérstöðu þeirra.

Ljósmyndun og myndræn framsetning

- Nemendur tileinki sér grunnatriði í töku og vinnslu stafrænna ljósmynda.
 - Grunnstillingar myndavéla
 - Klipping
 - Smækkun
 - Þjöppun
 - Geymsla
- Nemendur kynnist grundvallaratriðum í umbroti prentaðs máls.
- Nemendur vinni einfalt umbrot á kynningarefni fyrir ferðamenn.

Erlend tungumál

- Nemendur vinni jöfnum höndum á ensku og dönsku.
- Nemendur vinni með fjölbreyttan orðaforða sem tengist sögu og menningu Íslands.
- Nemendur geti beitt þessum orðaforða munnlega og skriflega í mismunandi verkefnum.
- Nemendur tileinki sér hagnýtan orðaforða við móttöku ferðamanna með mismunandi menningarbakgrunn og viðhorf.

Íslenska

- Nemendur orði hugsun sína á skýran og greinargóðan, læsilegan hátt á vandaðri, en lifandi íslensku.
- Nemendur vinni með mislanga eða misítarlega texta um sama efni og vinni sambærilega texta fyrir mismunandi markhópa.
- Nemendur geti þýtt úr erlendum málum á eðlilegt, vandað og lifandi íslenskt mál - og öfugt.
- Nemendur afli sér víðtæks og lifandi orðaforða um hvaðeina er tengist ferðamennsku.

Námsefni

Ekki verður notast við neina sérstaka námsbók. Kennarar munu eftir föngum koma með námsefni eða benda nemendum á það. Nemendur munu þó að greiða 8000 krónur á önn sem kemur upp í kostnað við ferðir sem tengjast kjörsviðinu.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir verða óhefðbundnar svo og stundaskrá. Það eru 6 kennslustundir skráðar á einn dag vikunnar, en auk þess er ætlast til að nemendur ljúki heimavinnu þennan sama dag svo og að skila vinnuskýrslu að honum loknum. Því má gera ráð fyrir að skóladegi ljúki um 15.30. Stofur H8 (Fer103) og H9 (Fer303) verða aðalvinnustofur ferðamála kjörsviðsins og eru þær opinn vinnustaður á miðvikudögum þar sem aðrir nemendur og kennarar geta átt leið um og fylgst með störfum. Þar verða einnig ýmis verkefni áfangans til sýnis.

Verkefni

- Svipmynd af Akureyri á íslensku og dönsku. Paraverkefni. Sjá verkefnalýsingu.
- „Besti bæklingurinn“. Keppni hópa í gerð kynningarefnis á ensku. Sjá verkefnalýsingu.
- Dagsferð þar sem nemendur leiðsejja á ensku. Einstaklingsverkefni. Skriflegt verkefni er svo unnið í kjölfarið.
- Í FERlega tímaritið. Tvö einstaklingverkefni:
 1. Örgrein með mynd: Staður á Íslandi sem ég verð að sjá. A-5
 2. Viðtal við einstakling tengdan ferðamála. A-4
- Gönguferð um Innbærinn með sögukennara og heimsókn á Minjasafnið og Nonnasafnið. Verkefni á dönsku. Paraverkefni. Sjá verkefnalýsingu.

Námsmat

10% Svipmynd af Akureyri á íslensku og dönsku (pör)

20% „Besti bæklingurinn“ á ensku (hópverkefni)

10% Leiðsögn á ensku (einstaklingsverkefni)

15% FERlegt. Tvær greinar (einstaklingsverkefni)

20% Innbærinn á dönsku (pör)

10% Vinnuskýrslur nemenda

7,5% Símat á vinnu nemenda á önninni

7,5% Jafningjamat og sjálfsmat

(Réttur til breytinga á þessu er áskilinn ef aðstæður krefjast)

Kennarar

verða ekki öllum stundum með nemendum. Kennarar eru hins vegar viðláttnir á miðvikudögum og geta komið til aðstoðar með stuttum fyrirvara svo fremi þeir séu ekki bundnir við aðra kennslu. Hér eru símanúmer og netföng þeirra:

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir	FRA	868 1808	anna@ma.is
Guðjón H. Hauksson	UTN	824 1564	gudjon@ma.is
Selma Hauksdóttir	DAN	892 7570	selma@ma.is
Sigrún Aðalgeirsdóttir	ÞÝS	899 6647	sigrun@ma.is
Sverrir Páll Erlendsson	ÍSL	822 3274	svp@ma.is

Annað

- Reglur um skólasókn gilda óbreyttar í áfanganum. **Þurfi nemandi að fara frá vegna vinnu sem tengist áfanganum skal það gert í samráði við kennara.**
- Þegar nemendur þurfa að ferðast til staða utan Akureyrar vegna verkefnavinnu skulu þeir hafa samráð við Jónas um ferðatilhögun og greiðslu útlagðs kostnaðar **áður en haldið er af stað.**
- **Vinnuskýrslu þarf að skrifa þótt nemandi hafi ekki mætt í tíma. Hann þarf þar að gera grein fyrir fjarveru sinni og hvernig hann hyggst bæta vinnutípið.**